

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Háaleitisbraut verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Kringlumýrarbraut, Miklubraut og Sléttuveg.
2. Arnarbakki verður aðalbraut.
3. Vegasambandið Reykjanesbraut—Blesugrófarvegur—Skeiðvallarvegur, verður aðalbraut, þó þannig að umferð um Skeiðvallarveg víki fyrir umferð um Vesturlandsveg.
4. Álfabakki verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Reykjanesbraut og Arnarbakka.
arhliðar og Stakkahlíðar.
5. Bifreiðastöður verða bannaðar við Háteigsveg að sunnanverðu á milli Bólstað-
6. Bifreiðastöður verða bannaðar við Arnarbakka.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. nóvember 1970.

Sigurjón Sigurðsson.